Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni: **Agita 10 WG - Flugnaeitur**

Vörunúmer: **120157 SF** **400 g**

1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Flugnaeitur.

Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirliggjandi.

1.3 Söluaðili:

KEMI ehf.
Tunguhálsi 10
110 Reykjavík
Sími: 4154000
Netfang: kemi@kemi.is
Veffang: www.kemi.is

Framleiðandi:

Elanco GmbH
Heinz-Lohmann Strasse 4
27472 Cuxhaven, Þýskaland
00-45-26-6060
elanco_sds@elanco.com
www.elanco.com

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H400	Mjög eitrað lífi í vatni	Bráð eit.á vatn 1
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 1

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki

Viðvörunarorð **VARÚÐ**

Hættusetningar	H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
Varnaðarsetningar	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa ílát eða merkimiða tiltæk.
	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P103	Lesið merkimiðann fyrir notkun.
	P273	Forðist losun út í umhverfið.
	P391	Safnið upp því sem hellist niður.
	P501	Fargið íláti/innihaldi hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.

2.3 Aðrar hættur: Varan er eitruð býflugum.
Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
(**PBT**: Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB**: Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur: Varan inniheldur neðangreind efni, auk hættulausra aukefna.

Þíametoxam			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**10**
Raðnúmer	613-267-00-9	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	428-650-4	**H-setningar**	-
CAS	153719-23-4	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.fast efni 1 - **H228**, Bráð eit.4- **H302**, Bráð eit.á vatn 1 - **H400 (M=10)**, Langv.eit.á vatn 1 - **H410 (M=10)**			

Cis-tríkos-9-en			
Skráningarnúmer ECHA	-	**Innihald %**	**0,01-0,10**
Raðnúmer	601-089-00-4	**Varnaðarmerki:**	-
EINECS, ELINECS	248-505-7	**H-setningar**	-
CAS	27519-02-4	**Flokkun, hættumerking**	-
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Húðnæm.1 - **H317**			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálp

4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálp:

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið læknis/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita læknis.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt. Hafi hinn slasaði misst meðvitund, skal leggja í læsta hliðarlegu fyrir flutning.

Snerting við húð Hreinsið strax vandlega með sápu og vatni. Leitið læknis sé erting viðvarandi.

Snerting við augu Skolið með miklu vatni í 15 mínútur. Haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið læknis, hverfi einkenni ekki fljótt.

Inntaka Skolið munninn. Leitið læknis verði vart við einkenni.

Til heilbrigðisstarfsfólks Viðhafið viðeigandi varúðarráðstafanir með tilliti til innihaldsefna.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Engin þekkt.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknisumönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða. Notið slökkviefni sem hæfir aðstæðum hverju sinni.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli, getur dreift eldi.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar gufur.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Rýmið brunasvæði. Sjá lið 8 um persónuhlífar. Forðist innöndun reyks og gufu. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað (EN 469). Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysni

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Notið persónuhlífar.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið losun, sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Gerið varnargarða og hreinsið upp losað efni. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sem spilliefni, ásamt vatni sem notað er til hreinsunar sbr. 13.lið. Tryggið góða loftræstingu.

6.4 Tilvísun í aðra liði: Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist beina snertingu við vöruna. Lesið merkimiðann fyrir notkun.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum (<25°C), þurrum, vel loftræstum stað.

7.3 Sértæk, endanleg notkun: Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst µg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín µg/m3	Athugasemdir
Þíametoxam		42			WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Hafið tiltækan búnað til hreinsunar við losun af slysni.
Gert er ráð fyrir amk 10 loftskiptum/klst.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar

Augnhlífar Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN166).

Húð - hendur Notið efnaþolna hlífðarhanska, t.d. úr nítrílgúmmíi (EN 374).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Húð - annað Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar (EN 14605 við úðamyndun, EN 13982 við rykmyndun).

Öndunarfæri Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari styrkur yfir viðmiðunarmörk, notið viðurkennda öndunargrímu (heil- eða hálfgrímu), með síu.

9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Kornað, óeldfimt fast efni
Lykt: Engin
Litur: Hvítur/ljósbrúnn
pH í vatnslausn: 6,8-8,8 (1%)

Eðlismassi við 20°C:	0,5-0,7	g/cm^3
Leysanleiki í vatni:	Leysanlegt	
Sprengifimi:	Nei	
Oxandi eiginleikar	Nei	

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar aðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt, þ.á.m. fjölliðun.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Snerting við ósamrýmanleg efni.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við hitaniðurbrot og bruna geta myndast eitraðar gufur.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Bráð eiturhrif	
Húðerting/æting	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Alvarlegur augnskaði	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Næming húð/öndunarfæri	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Stökkbreytingar kímfruma	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Krabbamein	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Stökkbreytingar	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Eitrun æxlunarfæra	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.
Ásvelgingarhætta	Uppfyllir ekki flokkunarviðmið skv. fyrirliggjandi gögnum.

Agita 10 WG - Flugnaeitur

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	

Þíametoxam

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD_{50}	1563	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD_{50}	>2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC_{50}	>3720	mg/m3/4 klst	rotta	

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif. Losið ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg.

Þíametoxam

	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC_{50}	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC_{50}	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	ErC_{50}	>81,8 mg/l	72 klst	Þörungar	
Eiturhrif	LD_{50}	576 mg/kg	14 d	Önd	
Eiturhrif	LD_{50}	1552 mg/kg	14 d	Akurhæna	
Uppsöfnun í lífverum	LogKow	-0,13 við 25°C			

12.2 Þrávirkni og niðurbrot: Varan brotnar treglega niður í umhverfinu. Niðurbrotshraði fer eftir aðstæðum hverju sinni.

12.3 Uppsöfnun í lífverum: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.4 Dreifanleiki í jarðvegi: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

12.5 PBT/VPvB: Upplýsingar eru ekki fyrirliggjandi.

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Óhreinar umbúðir Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa.

14. Upplýsingar um flutninga

ADR: **Varúðarmerking**

UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (Thiametoxam)
Hættuflokkur: 9
Hættuundirflokkur: 90
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já

IMDG:

UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (Thiametoxam)
Hættuflokkur: 9
EmS: F-A, S-F
Pökkunarflokkur: III
Mengunarhætta: Já

IATA:

UN Númer 3077
Efnisheiti v. flutninga: ENVIRONMENTALLY HAZARDOUS SUBSTANCE, SOLID, N.O.S. (Thiametoxam)
Hættuflokkur: 9
Pökkunarflokkur: III

15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértæk ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), Íslenskar reglugerðir, 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.

15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H228	Eldfimt fast efni
H302	Hættulegt við inntöku
H317	Getur valdið ofnæmisviðbrögðum í húð
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1 / 05.06.2020

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.
Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.
Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.
Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ***ELANCO GMBH***
SIKKERHEDSDATABLAD
AGITA 10WG
Útgáfa: *02.01.2019 Útgáfa 04*